

## Ársskýrsla um starfsemi fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum 2020

### Breytingar í fagráði eineltismála í grunn- og framhaldsskólum

Á árinu 2020 urðu þær breytingar á skipan fagráðs að Sigríður Lára Haraldsdóttir óskaði eftir lausn frá skipan 29. september 2020 og Guðrún Ebba Ólafsdóttir óskaði einnig eftir lausn 22. október 2020. Bóas Valdórsson tók við formennsku í fagráðinu 1. mars 2020 af Sigríði Láru Haraldsdóttur. Aðalmenn og varamenn skiptu með sér störfum á árinu. Aðrir meðlimir fagráðsins voru Sigrún Garcia Thorarensen, Björg Jónsdóttir og Selma Barðdal Reynisdóttir.

### Hlutverk og lagarammi

Hlutverk fagráðs eineltismála, skv. verklagsreglum er að veita skólasamfélaginu stuðning vegna eineltismála með almennri ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf. Hægt er að vísa eineltismálum til fagráðsins ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn innan skóla eða sveitarfélags. Skal þá fagráðið veita ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem því berast. Þeir sem geta leitað til fagráðsins eru nemendur, foreldrar/forráðamenn og starfsfólk grunn- og framhaldsskóla. Einnig aðilar sem starfa með börnum í skóla-, frístunda- eða tómstundastarfi, sem hefur stoð í grunnskólalögum.

Fagráðið starfar á grundvelli 4. mgr. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 6. mgr. 33. gr. b. laga nr. 92/2008. Hlutverk þess hefur verið nánar útfært í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum [nr. 1040/2011](#) og ákvæði í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum [nr. 326/2016](#).

### Innri starfsemi fagráðs eineltismála

Fagráð eineltismála samþykkti á fundi sínum 20. febrúar 2020 endurskoðaðar vinnureglur við vinnslu ráðgefandi álits (áður samþykktar á fundi fagráðs 11. apríl 2019). Vinnureglur fagráðs vegna viðtala við börn voru samþykktar á fundi fagráðs 21. febrúar 2020.

### Fundir fagráðs

Alls voru haldnir 55 fundir á árinu 2020. Þar af voru fastir fundir fagráðs 11, en hér á eftir fer yfirlit sem sýnir kostnað og fjölda funda eftir málum í vinnslu fagráðs. Ath. að fastir fundir eru ekki meðtaldir í því yfirliti.

*Yfirlit yfir fjölda tilvísanna og útgefin ráðgefandi álit*

Ár	Tilvísanir	Útgefin ráðgefandi álit	Vísað annað
2012-2014	17	13	4
2014-2017	8	7	1
2018	1	1	
2019	2	2	
2020	9*	4	1**

Til ath.: \* Fjögur mál eru í vinnslu fagráðs þar sem eftir er að ljúka gerð ráðgefandi álits eða greinargerðar.

\*\* Mál sem barst fagráði 10. desember 2020, en var metið þannig að skólaskrifstofa ætti eftir að hafa aðkomu að því.

## Fjármál

Kostnaðaráætlun fagráðs fyrir árið 2021 var samtals 6 millj. kr. Þar af voru 4 millj. kr. ætlaðar í þóknun til handa fagráðinu og 2 millj. kr. í annað (ferðakostnaður málsaðila á fund fagráðs, ferðir fagráðs og annað tilfallandi). Fagráðið fundar að öllu jöfnu tvisvar í mánuði en getur fundað oftast ef þurfa þykir, skv. verklagsreglum. Hver nefndarmaður fær greiddar 25.000.- kr. fyrir hvern fund sem skilgreindur er sem 2ja tíma fundur og eins tíma vinna á milli funda. Formaður fagráðs fær greiddar 37.500.- kr. fyrir hvern fund og sá aðili sem er í forsvari máls.

*Kostnaður vegna fagráðs eineltismála árið 2020 var **5.590.136.- kr.** sem skiptist þannig:*

Þóknun til fagráðs	3.585.912
Greiðsla til Heimilis og skóla vegna umsýslu með degi gegn einelti, skv. samningi	1.000.000
Upplýsingamiðlun	907.122
Annað	97.102
<b>Samtals</b>	<b>5.590.136</b>

## Kynningarmál

Kynningarbæklingur er í vinnslu og verður birtur á heimasíðu Menntamálastofnunar á næstu dögum. Leitað var til miðlunarviðs stofnunarinnar vegna hönnunar á bæklingnum. Ætlunin er að birta hann eingöngu í rafrænu formi til að byrja með.

## Símatímar

Til að koma betur til móts við þarfir skólasamfélagsins ákvað fagráðið að bjóða upp á símaviðtöl til að veita almenna ráðgjöf í eineltismálum. Símatímarnir eru annan hvorn miðvikudag frá kl. 14:30-15:30 og var fyrsti símatíminn 4. nóvember 2020.

## Fréttatilkynningar, dreifibréf, greinar

- Fréttatilkynning 20. apríl 2020 um opnun upplýsingaveitu um eineltismál og ráðgjöf á heimasíðu Menntamálastofnunar.
- Dreifibréf 31. ágúst 2020 um fagráðið og upplýsingaveituna um eineltismál. Birt nokkrum sinnum á Facebook og Instagram síðu Menntamálastofnunar.
- Grein eftir Sigrúnu García Thorarensen í septemberbyrjun 2020 í tímariti Heimilis og skóla.

## Upplýsingar um eineltismál og teiknimyndband á heimasíðu MMS

Menntamálastofnun birti á heimasíðu sinni 20. apríl 2020 upplýsingar um eineltismál ásamt teiknimyndbandinu Stöndum saman. Upplýsingarnar eru sérstaklega ætlaðar fyrir foreldra, nemendur og fagfólk og er hluti af miðlun fagráðs á upplýsingum um starfsemi sína og ráðgjöf um eineltismál. Texti upplýsingasíðunnar var saminn af Björgu Jónsdóttur, Hermanni Jónssyni og Sigríði Láru Haraldsdóttur hjá Erindi-Samtökum um samskipti og skólamál, skv. samningi þar um.

Teiknimyndbandið var sýnt á KrakkaRúv 9. nóvember 2020 og hægt er að nálgast það á Sarpnum hjá Rúv. Einnig var teiknimyndbandið birt á Instagram Menntamálastofnunar 14.9.2020.

## Hvatningarverðlaun dags gegn einelti

Heimili og skóli sér um umsýslu með degi gegn einelti skv. samningi. Fagráð eineltismála var beðið um að velja verðlaunahafa hvatningarverðlauna dags gegn einelti úr innsendum tilnefningum. Fagráðið valdi verðlaunahafa á fundi sínum 29. október 2020 Laufeyju Eyjólfsdóttur kennara og umsjónarmann Olweusarverkefnisins í Melaskóla.

## Fyrirspurnir

Fyrirspurnir sem berast fagráði eineltismála er oftast svarað af starfsmanni fagráðs þó að nokkur breyting hafi orðið á því með tilkomu símaviðtalstíma fagráðs. Í öllum tilvikum hafa foreldrar haft samband og þrjár fyrirspurnir urðu að formlegum málum í vinnslu fagráðs. Ráðgjöfin hefur falist í því að beina fólki í réttan farveg með sín mál, kynna fyrir þeim rétt sinn og hvaða verkfæri standa til boða í eineltismálum. Mikill akkur var að því að geta bent á upplýsingasíðuna um eineltismál í samtölum. Einnig má segja að foreldrar sem upplifa einelti gagnvart barni sínum þurfa oft á tíðum að létta á sér og finna að þeir standa ekki einir.

## Verklag á Covid-tímum

Skv. vinnslureglum fagráðs við vinnslu ráðgefandi álita er gert ráð fyrir því að aðalmenn taki að öllu jöfnu mál til vinnslu, en ef kalla þarf inn varamann vegna vanhæfni aðlmanns eða vegna annarra ástæðna skal starfsmaður kanna hvaða varamaður hefur tök á því og taka skal tillit til hver hefur unnið áður í málum og fleira. Á haustmánuðum hættu tveir meðlimir fagráðs og hafa þeir fjórir aðilar fagráðs sem eftir voru þurft að aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Á þessum tímum hefur fagráðinu tekist vel að breyta verklagi sem felst í því að þeir sem eru í forsvari máls hafa séð um símtöl við málsaðila og síðan miðlað þeim upplýsingum á máli fagráðs í málaskrá og á vinnufundum fagráðs vegna málsins. Einnig hafa auðvitað viðtalsfundir við aðila máls verið teknir á Teams ásamt öðrum fundum.

## Framtíðarsýn fagráðs eineltismála

Þar sem skipunartíma fagráðs lýkur 13. febrúar 2021 þykir fagráðinu tilefni til að ítreka hugmyndir sínar varðandi framtíðarsýn fagráðsins sem lögð var til í greinargerð síðasta árs og henni bætt hér við óbreyttri.

Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar í fagráðinu um störf fagráðsins, starfssvið og hvernig fagráðið gæti nýst skólasamfélaginu betur. Um er að ræða mjög viðkvæman málaflokk og ljóst er af reynslu og eðli mála að meðferð og vinnsla eineltismála getur haft gríðarleg áhrif á velferð þeirra barna og ungmenna sem um ræðir.

Meðlimir fagráðs eru sammála um að núverandi umgjörð hamli því að hægt sé að vinna að eineltismálum með þeim hætti sem nauðsynlegt er. Núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir því að fagráðsmeðlimir sinni vinnu fagráðs meðfram sínu aðalstarfi, sem veldur því t.d. að erfitt er að bregðast við fyrirspurnum, sinna ráðgjöf og álitsgerð eins hratt og nauðsynlegt er og eins og verklagsreglur gera ráð fyrir. Fagráð er sammála um að eðlilegra væri að um fastar stöður væri að ræða. Með því væri fagráð í mun betri aðstöðu til að sinna almennri ráðgjöf og upplýsingagjöf til skólasamfélagsins, sinna fræðslu í forvarnarskyni, t.a.m. haldið námskeið og fyrirlestra fyrir skólasamfélagið (foreldra, kennara og nemenda), lagt til ramma að og yfirfarið eineltisáætlanir fyrir skóla svo eitthvað sé nefnt. En ekki síður væri fagráð í mun betri aðstöðu til að veita skólasamfélaginu þann stuðning sem er nauðsynlegur í þeim málum sem vísað er til fagráðsins, þar sem hagsmunir barnanna eru ávallt í fyrirrúmi.

Fagráð hefur einnig rætt áhyggjur sínar af fjárhagsramma fagráðs. Ef fjöldi mála eykst mikið frá því sem hefur verið er ljóst að núverandi fjárhagsrammi dugir ekki nema að litlu leyti því mál sem þessi eru gjörn á að taka talsverðan tíma til úrvinnslu svo vel sé.